

Jóla- og áramótakveðja frá Menntavísindasviði

Senn kveðjum við árið 2021 og heilsum nýju ári. Árið sem er að líða var viðburðaríkt og íslenskt samfélag tókst á við margvíslegar áskoranir. Við erum ákaflega stolt af framlagi starfsfólks og sístækkandi hópi nemenda á Menntavísindasviði sem með rannsóknum, námi og þátttöku á vettvangi lögðu sitt af mörkum í þágu menntunar, þroska og velferðar barna og einstaklinga á öllum aldri. Árangur okkar þökkum við öflugu samstarfi við fjölmarga aðila og stofnanir samfélagsins. Með þessari jólakveðju þökkum við innilega fyrir stuðninginn og samstarfið á árinu sem er að líða.

Framundan eru mikilvæg samvinnuverkefni sem treysta enn frekar grunnstoðir íslenska menntakerfisins og byggja

sterkari brýr milli formlega skólakerfisins og hins óformlega námsvettvangs frístunda og atvinnulífs. Á sviði menntunar slær hjarta hugsjóna og hugvits, og þar er samfélagsleg nýsköpun stöðug og mikil. Saman getum við skapað samfélag þar sem ólíkar raddir heyrast, samfélag sem byggist á grunnildum jafnréttis, lýðræðis og fagmennsku. Sterk samstaða um slíkt samfélag skilar árangri.

Megi árið 2022 verða gjöfult og gæfuríkt!

Kolbrún Þ. Pálsdóttir
Forseti Menntavísindasviðs



Árið 2021 var viðburðaríkt í starfsemi Menntavísindasviðs. Hér verður stiklað á stóru um helstu fréttir ársins.

Háskóli Íslands áfram í hópi 400 bestu á sviði menntavísinda

Þriðja árið í röð er Háskóli Íslands á lista Times Higher Education yfir bestu háskóla heims á sviði menntavísinda. Matið nær að þessu sinni til um 700 skóla í nærri 70 löndum og tekur mið af frammistöðu á sviði kennaramenntunar, uppeldis – og menntunarfræða og rannsókna á sviði menntunar.

Sjá frétt:

[Háskólinn á þremur nýjum listum Times Higher Education](#)

Kófið, menntakerfið og heimilin

Fræðimenn innan Menntavísindasviðs leiddu rannsóknir á áhrifum heimsfaraldurs á skóla – og frístundastarf.

Sjá fréttir:

[Kófið, menntakerfið og heimilin í nýju sérriti Netlu](#)
[Menntakerfið mætti margháttuðum áskorunum á tímum faraldursins](#)
[Hvað kennir kófið okkur um tækifæri framhaldsskólanema til náms?](#)

Menntafléttan leit dagsins ljós

Starfsþróun fyrir kennara og fagfólk á sviði menntunar var stórefld á árinu þegar Menntafléttan hófst. Að verkefninu standa Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Háskóli Íslands í samvinnu við Háskólann á Akureyri og Kennarasamband Íslands.

Sjá fréttir:

[Starfsþróun í menntakerfinu eflað með ríkulegu fjárframlagi](#)
[Mikil ásókn í námskeið Menntafléttunnar](#)
[Öflug starfsþróun eflir menntakerfið fyrir alla](#)

Ný og endurbætt Menntamiðja leit dagsins ljós

Aðilar menntakerfisins treystu samstarf sitt með nýrri Menntamiðju.

Sjá frétt:

[Aðilar menntakerfisins treysta samstarf sitt með nýrri Menntamiðju](#)



Þau Ragnar Smáráson, starfsmaður diplómanámsleiðarinnar og útskrifaður diplómanemi, og Helena Gunnarsdóttir, verkefnastjóri námsleiðarinnar, tóku við verðlaununum fyrir lofsvert framlag til jafnréttismála fyrir hönd nemenda og kennara.

Jafnrétti og nýsköpun í deiglu

Starfstengt diplómanám fyrir ungt fólk með þroskahömlun hlaut jafnréttisviðurkenningu

Kennarar og nemendur í starfstengdu diplómanámi við Deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda á Menntavísindasviði, hljóta viðurkenningu fyrir lofsvert framlag til jafnréttismála.

Sjá frétt: [Verðlaunuð fyrir lofsvert framlag í starfi við HÍ](#)

Samningur um efla jafnréttisfræðslu milli Menntavísindasviðs og Samtakanna 78

Sjá frétt: [Stórefla jafnréttisfræðslu í námi á Menntavísindasviði](#)

Nýsköpunar- og frumkvöðlamente til Menntavísindasviðs Háskóla Íslands

Í maí 2021 undirrituðu Háskóli Íslands, atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og fulltrúar Háskóla Íslands viljayfirlýsingu um flutning nýsköpunarverkefna til Menntavísindasviðs.

Sjá frétt: [Nýsköpunar- og frumkvöðlamente til Háskóla Íslands](#)

Raunfærnimat hefst til styttingar náms í leikskólakennarafræðum

Haustið 2021 hófst tilraunaverkefni um raunfærnimat í leikskólakennarafræðum sem er fyrsta sinnar tegundar á háskólastigi. Verkefnið felst í því að meta til styttingar náms þá þekkingu og hæfni nemenda sem fæst úr starfi.

Sjá fréttir:

[Starfsreynsla metin til styttingar á námi í leikskólakennarafræðum](#)
[Mikill áhugi fyrir raunfærnimati í leikskólakennarafræði](#)

Menntavísindasvið tekur að sér framkvæmd æskulýðsrannsóknar á velferð og viðhorfum ungmenna

Viljayfirlýsing stjórnvalda og háskólans var undirritað um framkvæmd æskulýðsrannsóknar. Upplýsingum um velferð og viðhorf barna og ungmenna verður safnað með markvissum hætti og þær gerðar aðgengilegar svo þær nýtist við stefnumótun og effirlit, erlendan samanburð og til að efla vísindastarf hér á landi.

Sjá frétt: [Samvinna um rannsóknir á velferð og viðhorfum barna og ungmenna](#)

Tómstunda- og félagsmálafræði fagnaði 20 ára afmæli!

Sjá frétt: [Námsbraut í tómstundafræði fagnar tuttugu ára afmæli](#)

Nýtt rannsóknarsetur um menntun og hugarfar stofnað í samvinnu við Samtök atvinnulífsins

Sjá frétt: [Árangur og áhugahvöt - kveikjum neistann!](#)

Menntakvika

Árleg ráðstefna Menntavísindasviðs var haldin í október þar sem 280 rannsóknir voru kynntar.

Sjá frétt: [Ríflega 280 rannsóknir kynntar á Menntakvikunni](#)

Alþjóðleg menntaráðstefna um óformlega menntun

Sjá frétt: [Óformleg menntun valdeflir nemendum sem standa höllum fæti](#)

Norræn ráðstefna um stærðfræðimenntun

Sjá frétt: [Þurfum að nýta styrkleika og áhugasvið nemenda í stærðfræðinámi](#)

Öflug vísindamiðlun – sjá einnig fjölmiðlaumfjöllun á [Facebook síðu MVS](#)

Heilsuhegðun Íslendinga, nýtt hlaðvarp um heilsu og lífnaðarhætti ungs fólks leit dagsins ljós

Sjá frétt: [Heilsuhegðun ungra Íslendinga – hlaðvarp um heilsu og lífnaðarhætti ungs fólks](#)

Ný fræðslumyndbönd um málþroska barna

Sjá frétt: [Ný fræðslumyndbönd um málþroska barna](#)

Þemahefti um starfsemi frístundaheimila

Sérfræðingar innan Menntavísindasviðs ritstýrðu og skrifuðu þemahefti um frístundaheimili. Þemaheftið er fyrsta ritið í ritröð stjórnvalda til stuðnings nýrri menntastefnu 2030.

Sjá frétt: [Nýtt rit um nám á frístundaheimilum](#)

Opið netnámskeið um vináttu og tölvuleikjaspilun í samstarfi við CCP

Sjá frétt: [Er hægt að hanna vináttu?](#)

Góð tengsl við foreldra skipta sköpum fyrir velferð ungmenna

Sjá frétt: [Góð tengsl við foreldra skipta sköpum fyrir velferð ungmenna](#)



Sex útskrifuðust með doktorspróf á árinu 2021

Dr. Anna Björk Sverrisdóttir. Titill: *Menntun nemenda með þroskahömlun á framhaldsskólastigi í ljósi kenninga um inngildandi menntun og félagslegt réttlæti. Education of students with intellectual disabilities at the upper secondary school level in light of theories of inclusive education and social justice.* Deild faggreinakenntu.



Dr. Pascale Mompoin-Gaillard. Titill: *Samræða í ljósi vistfræði náms: Greining á samræðu á netinu, sem ekki er samstillt í tíma, í samfélagi fagfólks sem leitast við að þróa lýðræðisleg ferli í skólastarfi. Conversation as an Ecology of learning: An analysis of asynchronous discussions within an online professional community working to develop a democratic practice in education.* Deild kennslu- og menntunarfræði.



Dr. Auður Magnús Auðardóttir. Titill: *Val(þröng) – Endursköpun stétttengdra og kynjaðra valdatengsla með foreldraþingum. Choices and dilemmas – Reproduction of classed and gendered power relations through parental practices.* Deild menntunar og margbreytileika.



Dr. Renata Emilsson Pesková. Titill: *Skólareynsla fjöltýngdra nemenda: Fjöltilviksrannsókn frá Íslandi. School experience of plurilingual students: A multiple case study from Iceland.* Deild kennslu – og menntunarfræði.



Dr. Bjarnheiður Kristinsdóttir. Titill: *Hljóðlaus myndbandsverkefni – skilgreining, þróun og beiting nýstárlegra verkefna í stærðfræðikennslu á framhaldsskólastigi. Silent video tasks – their definition, development and implementation in upper secondary school mathematics classrooms.* Deild faggreinakenntu.



Dr. Susan Gollifer. Titill: *Mannréttindamenntun á Íslandi: Lærdómur um umbreytandi menntunarfræði af sögum framhaldsskólakennara. Human rights education in Iceland: Learning about transformative pedagogies from upper secondary school teachers' stories.* Deild menntunar og margbreytileika.



Sjá frétt: [Háskóli Íslands fagnar 80 brautskráðum doktorum á undangengnu ári](#)